

Skýrsla vor 2011

„Heilsueflandi skóli“

Ártúnsskóli varð formlega þátttakandi í verkefninu „Heilsueflandi skóli“ haustið 2010. Stefna sú sem sett var í Ártúnsskóla þegar hann var stofnaður árið 1987 og hefur verið í þróun og endurskoðun síðan fellur að mörgu leyti vel að markmiðum og stefnu heilsueflandi skóla. Því má segja að á vissan hátt sé þátttaka skólans í „Heilsueflandi skóla“ rökrétt framhald á ríkjandi stefnu skólans og gefi gott tækifæri til frekari þróunar og endurbóta.

Erna Matthíasdóttir, íþróttakennari og lýðheilsufræðingur, tók að sér að stýra verkefninu. Á haustönn 2010 voru drög lögð að skipulagi starfsins meðal annars með þarfagreiningu, þ.e. staða Ártúnsskóla tekin út og stuðst við gátlista sem finna má á heimasíðu Lýðheilsustöðvar . Farið var yfir alla 8 þættina sem sérstök áhersla er lögð á í skólastarfi „heilsueflandi skóla“: Nemendur, mataræði- tannheilsa, heimili, geðrækt, nærsamfélag, hreyfing- öryggi, lífsstíll og starfsfólk. Í kjölfarið á þessari úttekt var ákveðið að vinna að heilsueflandi verkefnum tengdum lífsleikninámsskrá skólans útfrá þemunum hugrekki á haustönn og hreyfingu og mataræði á vorönn.

Á starfsmannafundi að hausti 2010 var verkefnið kynnt fyrir öllum starfsmönnum skólans.

Stýrihópur var settur á fót í janúar. Í honum sitja Erna Matthíasdóttir, (íþróttakennari og lýðheilsufræðingur)formaður stýrihópsins, Ellen Gísladóttir (aðstoðarskólastjóri), Fríða Björnsdóttir (hjúkrunarfræðingur og lýðheilsufræðingur) sem tengiliður við grenndarsamfélagið, Ingibjörg Soffía Sveinsdóttir fulltrúi foreldra, Elín Gísladóttir (þroskaþjálfari) fulltrúi annars starfsfólks skólans og Magnús Friðrik Halldórsson og Jón Skeggi Helgason fulltrúar nemenda.

Á fyrsta fund stýrihópsins mætti auk meðlima hópsins Ingibjörg Guðmundsdóttir fyrir hönd Lýðheilsustöðvar. Hún kynnti verkefnið fyrir hópnum.

Í töflunni hér að neðan eru talin upp nokkur verkefni sem unnin voru í tengslum við „heilsueflandi skóla“/ lífsleikni.

Hugrekki

Heilsa

Markmið þemans (sjá heimasíðu skólans)	Markmið þemans (sjá heimasíðu skólans)
Teiknisamkeppni um hugrekki	Hugmyndabanki
Skipulag þjóðernisdags 1. des. Þar sem unnin voru ýmis verkefni fram sem tengjast hugrekki	Spakmæli
Spurningakönnun	Ávaxta- og grænmetis dagar
Hugmyndabanki	Vatnsdagur 24. feb
Gullkorn	Heilsusamlegar uppskriftir frá nemendum settar vikulega inn á heimasíðu skólans
Sameiginlegt verkefni í matsal (Hugleiðingar nemenda um hugrekki hengdar inn á matsal)	Leikjavika 2.-6. maí
	Þrautabraut í grenndarskóla 13. maí
	Gönguferðir árganga
	Hjólavika 23.-27. maí
	Dansnámskeið
	Samkeppni um nafn á mótuneyti skólans

	Skipulagðir leikir í frímínútum í umsjón skólavina
	Starfsfólk: Keiluferð
	Tai Thi kynning
	Matreiðslunámskeið (hollusta) 5. maí og 7. júní
	Gönguferð/ir
	Lífshlaupið
	Hjólað í vinnuna
	Unnið að undirbúningi og söfnun fyrir náms- og kynnisferð til Rotterdam í Hollandi til þess að kynnst heilsueflandi skólastarfi

Á næsta skólaári verður haldið áfram á sömu braut og byggt ofan á þá reynslu sem komin er.

Fyrir hönd stýrihóps Heilsueflandi skóla,

Erna Matthíasdóttir, (íþróttakennari og lýðheilsufræðingur)